

Yfirlit yfir umsóknir sem fengu styrk má sjá hér:

Ómar Smári Kristinsson

Hjólabókin, 7.bók: Austurland

Hjólabókin um Austurland er sjöunda bókin í Hjólabókaflokknum. Í bókunum er lýst hringleiðum sem hægt er að hjóla á einum degi.

Hjólabækurnar lýsa í máli, myndum, kortum og skýringartáknum hjólaleiðum. Þetta eru hringleiðir sem hægt er að komast á einum degi. Reynt er að hafa leiðirnar sem fjölbreytilegastar þannig að þær höfði til sem flestra. Reynslan af Hjólabókunum undanfarinn áratug er sú að fjölbreyttur hópur fólks nýtir þær sem hvatningu til útivistar og til að kynna betur landi og þjóð. Vinna við Austurlandsbókina hófst árið 2019 og mun ljúka árið 2023. Bókin kemur út í nóvember 2023.

Þórir Stefánsson

Tyrkjaránið, ljósmyndasýning

Verkefnið verður unnið í samstarfi við Karl Smára Hreinsson sem hefur á undanförunum árum viðað að sér mikið magn af upplýsingum um Tyrkjaránið. Áhersla lögð á Austurland og hvaða áhrif ránið hafði á svæðið okkar (Múlaþing). Verkefninu verður gerð skil á veggjum Hótel Framtíð ehf á komandi árum. Mikil vinna verður lögð í vandaðar prentplötur eða myndir, unnið verður jafnvel með hinar ýmsu fígúrunum tól, eða tæki.

Eyjólfur Skúlason

Grjót í mótun

Höggmyndir í grjót (steinblokkir og annað grjót er til fellur, smátt sem stórt) unnið í rekavið, gamalt járn og fleira. Frekari innsetning við reykkofta á Framnesi Borgarfirði. Kofinn er heimsóttur títt af túristum víðsvegar úr veröldinni og hafa höggmyndir umsækjanda vakið mikinn áhuga.

Sóley Þrastardóttir

Fantasía

Sóley Þrastardóttir, flautuleikari, og Kristján Karl Bragason, píanóleikari, halda tónleikana Fantasía í Tónlistarmiðstöð Austurlands þann 19. nóvember. Á dagskrá eru valin verk fyrir þverflautu og píanó eftir frönsk tónskáld frá 19. og 20. öld. Þessi leiftrandi, ljúfu og draumkenndu verk leyfa áheyrendum að upplifa það töfrandi, fjölbreytta og blæbrigðaríka tónmál sem var einkennandi fyrir franska blásturshljóðfæratónlist á þessum tíma.

Móðir Jörð ehf

Skógargleði í Vallanesi

Skógargleði í Vallanesi 2023, árleg menningarhátíð haldin í 11 sinn. Menningarviðburðir í

umgjörð skóga, dagskrá með söng, tónlist og leiklist, Á göngustígnum Ormurinn eru skemmtun fyrir yngri kynslóðina, tónlist og gestum og gangandi kennt að tálga auk þess eru veitingar í boði Móður Jarðar. Skógarganga, matarmarkaður Móður Jarðar og veitingar við og í Asparhúsinu. Einnig er menningardagskrá í Vallaneskirkju.

Elín Elísabet Einarsdóttir

Ef þú horfir ennþá lengur – málverkasýning

Málverkasýning á Borgarfirði eystri, þar sem ljóð, landslag svæðisins og andlit Borgfirðinga sjálfra munu spila stór hlutverk. Sýning sumarsins 2024 verður eins konar framhaldssýning þeirrar sem umsækjandi hélt 2023 í sýningarsalnum Glettu, í Hafnarhúsi Borgarfjarðar eystri. Hún hét *Ef þú horfir nógu lengi*.

Umsækjandi stefnir á fjögurra vikna dvöl á Borgarfirði, þar sem andlit og landslag verða skrásett í málverki og skrifum sem munu svo koma saman í sýningu sem opnar þann 10. ágúst 2024.

Malen Áskelsdóttir

Heimildaljósmyndun á Borgarfirði Eystra

Ljósmyndarinn Malen Áskelsdóttir, frá Borgarfirði Eystra, gerir ljósmyndaseríu um atvinnulífið á Borgarfirði Eystra. Heimildaserían verður birt á miðlum ljósmyndarans en einnig mun fara fram sýning í Hafnarhúsinu á Borgarfirði. Tilgangur verkefnisins er að taka myndir af fólki við dagleg störf með það fyrir augum að safna heimildum um atvinnulíf á staðnum árið 2024. Stefnt er að opnun ljósmyndasýningar í Bræðsluvíkunni í Hafnarhúsinu á Borgarfirði Eystra.

Hlín Pétursdóttir Behrens

Fjallkonan og fljóð

Í kringum 8. mars, alþjóðlegan baráttudag kvenna, flytja tónlistarkonur af Héraði og Austfjörðum dagskrá með tónlist eftir konur og um konur. Sýnt verður í Sláturhúsinu á Egilsstöðum, Frystihúsinu á Breiðdalsvík og í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði. Tónlist og ljóð eru að hluta glæný en einnig verður flutt tónlist frá lokum nítjándu og tuttugustu aldar. Söngkonurnar Eygló Daníelsdóttir, Hlín Pétursdóttir Behrens og Margrét Lára Þórarinsdóttir sem allar starfa á Héraði taka höndum saman og undirbúa verkefni með tónlistarkonum sem starfa á Reyðarfirði, Breiðdalsvík og Stöðvarfirði. Sjónum verður beint að verkum kvenna.

Monika Frycova

Live events in KIOSK 108

In Summer 2023 KIOSK 108 - Monika Fryčová in Seyðisfjörður organized and presented more

then 12 live events to the public. Artist and musicians were invited from abroad and Iceland - all the projects had enormous success.

Kór Egilsstaðakirkju

Útgáfa tónverka Gardonyis

Stefnt er að útgáfu á nótnabók með 10-20 sálum með íslenskum textum. Gert er ráð fyrir að Stefán Bogi Sveinsson, ljóðskáld á Egilsstöðum, muni þýða nokkra sálma, en einnig verður leitað til annarra þýðenda og áhersla lögð á að þeir verði einkum á Austurlandi. Að þýðingu lokinni er það Sándor Kerekes sem setur nóturnar og undirbýr þær til prentunar með hinum íslensku textum. Þar næst tekur við hönnun og umbrot á bókinni og að lokum prentun. Með verkefninu er verið að auðga tónlistarlíf á svæðinu og stuðla að því að útvíkka sjóndeildarhring kirkjukóra um land allt með því að kynna fyrir þeim tónskáld sem áður hefur lítið fengið að hljóma hér á landi.

Ráðhildur Sigrún Ingadóttir

Innra eðli vatns

Fimm daga námskeið fyrir fullorðna og annað 20 tíma námskeið fyrir börn. Markmiðið er að þróa og dýpka skilning á flæði vatns með rannsóknum á tengslum vatnsflæðis og forms. Að læra af flæði vatns og byggja upp næmi fyrir eðli þess, og þar með að hafa áhrif á hvernig við hugsum um og umgöngumst vatn. Námskeiðið er þar afleiðandi tengt umhverfis og náttúruvernd. Á námskeiðinu verður farið í gegnum ferla sem leiddu til gerðar flæðiforma / flowforms, það er að segja að við munum gera rannsóknir á vatni, gera vörpunarrúmfræðilegar teikningar, móta form í leir og hreyfa líkamann.

Andri Björgvinsson

Rannsóknir á leir Austurlands: Söfnun, vinnsla og brennsla

Rannsóknir á söfnun, vinnslu og brennslu á leir í kringum Borgarfjörð Eystri. Prufur af mismunandi leir sendar í brennslu í Myndlistarskóla Reykjavíkur og niðurstöður skrásettar.

Leirinn verður notaður í Listasmiðju í samstarfi við BRAS þar sem umsækjandi og Sara Björg Bjarnadóttir kynna leir af svæðinu fyrir þáttakendum og tala um kosti þess að nota náttúrulegan efnivið úr nærumhverfinu sem er hægt að fá lánaðan úr náttúrunni og jafnvel skila þangað aftur með litlu sem engu kolefnisfótspori. Þáttakendur fá að kynnast ferlinu að safna og vinna leir í mótanlegt form og fá svo sjálf að móta úr honum.

Ágústa Arnardóttir

Fjölmeningarmánuður

Meningarmánuður er heill mánuður tileinkaður fjölmeningu, að þessu sinni er lögð

áhersla á þjóðarrétti og þjóðaríþróttir á skapandi hátt. Unnið í samstarfi við ungmennafélagið Neista og Búlandstind sem er mekka fjölmenningar og matarframleiðslu á Djúpavogi. Verkefnið tvinnast inn atvinnulífið, skóla- og íþróttastarf með ýmiskonar verkefnum og gjörningum sem börn og fullorðnir vinna á skapandi hátt. Verkefnið endar á viðburði sem opinn er öllum.

Áhugahópur fólks um sjósókn á Djúpavogi

Minnisvarði um sjósókn á Djúpavogi

Áhugahópur fólks um sjósókn á Djúpavogi hefur lengi haft hug á því að setja upp minnisvarða um látna sjómenn. Nú er ákveðið að láta reyna á hugmyndina og reisa minnisvarða um látna sjómenn, sem tengjast Djúpavogi með einum eða öðrum hætti. Minnisvarðinn er hugsaður sem griðarstaður, til minningar um það fólk sem starfað hefur við sjómennsku í gegnum aldanna rás og einnig til þess að varðveita þá miklu menningarsögu um sjósókn er tengist staðnum.

Ágústa Arnardóttir

Hvað ætla ég að gera?

Tilgangur og markmið verkefnisins er að: - bregðast við auknum vanda, áskorunum og hindrunum sem börn og unglingar upplifa. - stuðla að aukinni færni, hugrekki og krafti til að takast á við áskoranir, bera ábyrgð, taka góða ákvarðanir. Til þess að ná markmiðinu ætla umsjáandi að gefa út ævintýrlega fallega myndskreytta bók og verkefnabók fyrir börn. Sótt er um styrk fyrir listrænum myndskreytingum, grafískri hönnun og umbroti. Verkefnið stuðlar að því að hæfileikar, hugmyndir, hugrekki og almenn lífsfærni glattist ekki heldur vaxi og dafni.

Aldís Fjóra B. Ásgeirsdóttir

Lagasmíðar Gleymmér Music og Bræðslunnar á Eiðum

Lagasmíðar Gleymmérei Music og Bræðslunnar á Eiðum er námskeið sem hentar fyrir allar tónlistarkonur, 20 ára og eldri, sem vilja gefa sér tíma í að skapa og semja, fá fræðslu um lagasmíðar og hugmyndavinnu, kynnast öðru tónlistarfólki og njóta þess alls í stórbrotnum sköpunarkrafti Eiða. Lagasmíðar á Eiðum eru ætlaðar tónlistarkonum með það að leiðarljósi að styrkja tengsl og stöðu tónlistarkvenna á Austurlandi, sem og á landinu öllu.

Ilona Alicja Bugajsk

Zenit

Musicians are invited for a little tour around Eastern Iceland. The music they play is the epitome of rugged landscapes and inner coziness. The main idea is to explore original spaces, like abandoned tank in Djupivogur or Seydisfjordur's church, with sound - which the applicants find as a local cultural value. Concerts will take place during November or

December. The concert will take place for three evenings - each day would bring a concert to a different spot. Project is open for all participants willing to dive into luminous sound bath. During the performance we will maintain almost complete darkness in order to stimulate participant's imagination.

Heiðdís Halla Bjarnadóttir

Verði ljós

Verkefnið snýr að því að greina verðmæti sem liggja í lager lampaverksmiðju og möguleika á uppvinnslu munanna. Verkefnið snýr að því að greina hvað er í lagernum, hvað er hægt að uppvinna og koma með grunnhugmyndir að hönnun á munum. Markmið verkefnisins er að uppvinna lager frá Lampaverksmiðju Ámunda Sigurðssonar sem Tækniminjasafni Austurlands var fært á sínum tíma þegar henni var lokað.

Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndasýning á Teigarhorni

Ljósmyndasýning á Teigarhorni. Á sýningunni eru ljósmyndir af umhverfi og náttúru Austurlands auk nokkurra vel valinni annarsstaðar að. Ljósmyndari er Þuríður Elísa Harðardóttir, ábúandi á Teigarhorni.

María Jóngerð Gunnlaugsdóttir

Fylgja

Fjórar kasóléttar vinkonur bíða spenntar eftir eigin babyshower-i. Hvenær skyldi það koma? Það hlýtur að fara koma? Plííííí komdu.

Sviðsverkið Fylgja var unnið í Listaháskóla Íslands sem 2.árs verkefni Maríu Jóngerð af sviðshöfundabraut. Gildi verksins fyrir menningarlíf í Múlapingi er að auka úrval sviðslista í fjórðungnum og að búa til brú fyrir ungt listafólk að sýna verkin sín á fleiri stöðum en í Reykjavík. Með þessu fær fólk á svæðinu að sjá framtíð íslenskrar sviðslitar ásamt fjölbreyttari sviðslitarsenu. Einnig mun þetta ýta undir að ungt listafólk á svæðinu sér að það er framtíð fyrir það í fjórðungnum og það þurfi ekki að stunda sína listsköpun í Reykjavík eða erlendis og þannig skilar listin og fólk sér heim í sína heimsbyggð. Áætlað er að setja verkið upp sumarið 2024 í Sláturhúsinu á Egilsstöðum.